

Bryndís Zoëga  
Guðný Zoëga

# Fornleifaskráning vegna mats á umhverfis- áhrifum Þverárvirkjunar, Vopnafirði



Bygðasafn Skagfirðinga  
Rannsóknaskýrslur  
2018/210

Forsíðumynd: Grjóthleðsla neðst í Gjánni, í baksýn er Þverárgil.



© **Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga**  
**Byggingasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki**  
**2018/210**

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Tilgangur fornleifaskráningar .....	3
Aðferðarfræði .....	4
Fornleifaskráning .....	5
Egilsstaðir-söguágrip og fornleifaskráning .....	5
Hrappsstaðir-söguágrip og fornleifaskráning .....	18
Samantekt .....	25
Heimildaskrá .....	27

## Inngangur

Að beiðni verkfræðistofunnar Mannvits, skráði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifar á Þverárdal í Vopnafirði. Skráningin er hluti af umhverfismati fyrir fyrirhugaða Þverárvirkjun á Þverárdal í Vopnafirði.

Vettvangsskráning fór fram 21. júlí 2018 og var framkvæmd af Guðnýju Zoëga, fornleifafræðingi og Bryndísi Zoëga, landfræðingi. Undirbúningur og skýrslugerð var í höndum Bryndísar.

Lega virkjunar og annarra mannvirkja lá ekki fyrir þegar vettvangsvinnan fór fram en skráð var svæði beggja vegna Þverár samkvæmt afmörkun á yfirlitsteikningu frá verkfræðistofunni Mannviti. Skráningarsvæðið náði frá brúnni yfir Þverá (á Sunnudalsvegi), inn Þverárdal (kallaður Hrappsstaðadalur vestan ár), meðfram Þverárgili beggja megin að Þrætutungu þar sem eru ármót Sauðár og Hestár, sem saman mynda Þverá. Dalurinn vestan ár tilheyrir Hrappsstöðum en austan ár, Egilsstöðum.

Heimildamaður og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð. Heimildamaður var Hallgrímur Helgason en hann er fæddur og uppalinn á Hrappsstöðum og síðar bóndi á Hrappsstöðum II til 1969.

**Verkefnisnúmer Minjastofnunar: 1958**

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.<sup>1</sup> Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...]“

„Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

---

<sup>1</sup> Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

## Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær stekkurinn frá Egilsstöðum raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [1958-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda við Þverárvirkjun. Mat er lagt á minjar innan við 100m frá útmörkum virkjanamannvirkja en flestar minjarnar sem skráðar voru lágu utan þess svæðis þar sem lega mannvirkja var ekki þekkt þegar skráningin fór fram. Unnið var með loftmynd og önnur frumgögn frá verkfræðistofunni Mannviti.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## Fornleifaskráning

Fornleifaskráning í Þverárdal var gerð 21. júlí 2018. Gengið var upp Þverárdal Hrappsstaða (vestan) megin og allar minjar skráðar inn að svokallaðri Þrætutungu. Frá Þrætutungu var gengið niður með gilinu Egilsstaða (austan) megin og minjar á þeirri leið skráðar. Í skýrslunni er minjum í landi Egilsstaða lýst fyrst og byrjað á stekknunum utan við Gilkjaftinn og síðan koll af kolli inn að Þrætutungu. Síðan er lýsing á minjum í landi Hrappsstaða og er einnig byrjað yst á dalnum og inn að innstu tóftum á þeirri leið, Seltættum. Uppistöðulón og mannvirki því tengd eru utan við Þrætutungu en þrýstipípa liggur út dalinn Hrappsstaðamegin að virkjanahúsi skammt sunnan brúarinnar á Þverá.

### Egilsstaðir-söguágrip og fornleifaskráning

Egilsstaðir koma fyrst fyrir í Landnámu og var fyrsti ábúandinn Egill, sonur Steinbjarnar kórts, landnámsmanns sem settist að á Hofi í Vopnafirði (Íslendingasögur I, 176). Jörðin kemur einnig fyrir í Egilssögu (Íslendingasögur X, 44) en ekki síðan fyrr en í manntali 1703 og voru þá 10 manns til heimilis á Egilsstöðum (Þjóðskjalasafn Íslands, Manntöl; 1703). Í manntölum frá 19. og fram á 20. öld má sjá að jörðin var ýmist ein- eða tvíbýl (sjá manntöl 1816-1920). Egilsstaðir voru að fornu metnir á 12 hundruð en með nýju jarðamati frá 1861 var dýrleikinn hækkaður í 21,4 hundruð (Ný Jarðabók fyrir Ísland, 133).

### Egilsstaðir-1958-1

**Sérheiti:** Stekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hættu

#### Staðhættir

Austan Þverár en vestan undir Þverármel er stekkjartóft sem í örnefnaskrá (bls. 1) er nefnd Stekkur. Hún er um 200m asa af brúnni yfir Þverá.

#### Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 11x13m að utanmáli. Hún er tvískipt, rétt að norðan en lambakró að sunnan. Hlið hefur verið á réttinni og snúið til norðurs og innangengt er á milli réttar og króar. Tóftin er vel gróin en víða sést í grjóthleðslur í veggjum. Hleðslurnar eru hrundar en enn vel stæðilegar, 50-150cm háar og um metri á breidd.



## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Egilsstaða (bls. 1) segir: „Undir Þvermármel skammt frá Gilkjafti er Stekkur, nú aflagður.“

### Egilsstaðir-1958-2

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

**Hættumat:** Engin hætta

#### Staðhættir

Austurbarmur Þverármels og Þverárgils, frá vegi og tæpan kílómetra inn fyrir Gilkjaft eru ógrónir melar. Meðfram gilinu sunnan við Gilkjaft og inn að Húsgrund eru 5 steinalagnir sem allar virðast manngerðar. 460m eru á milli nyrstu steinalagnar og þeirra syðstu.



Mynd 1. Steinalögn [1958-2] neðst á mynd. Útbrúnir eru nokkuð reglulegar og virðast manngerðar. Horft er til norðurs.

#### Lýsing

Nyrsta steinalögnin er um 1x1,5m að utanmáli og snýr austur-vestur. Einföld steinalögn þar sem steinarnir liggja þétt saman með nokkuð beinum útbrúnum.

### Egilsstaðir-1958-3

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

**Hættumat:** Engin hætta

#### Staðhættir

Austurbarmur Þverármels og Þverárgils, frá vegi og tæpan kílómetra inn fyrir Gilkjaft eru ógrónir melar. Meðfram gilinu sunnan við Gilkjaft og inn að Húsgrund eru 5 steinalagnir sem allar virðast manngerðar. 460m eru á milli nyrstu steinalagnar og þeirra syðstu.



Mynd 2. Steinalögn [1958-3]. Horft er á hleðsluna úr austri. Brúnir nokkuð reglulegar.



## Lýsing

Önnur steinalögn, talið að norðan er um 2x1,5m að utanmáli og snýr norður-suður. Einföld steinalögn þar sem steinarnir liggja þétt saman með nokkuð reglulegri útbrún þó að nokkrir steinar standi út fyrir.



Mynd 3. Steinalögn [1958-4].

### Egilsstaðir-1958-4

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Austurbarmur Þverármels og Þverárgils, frá vegi og tæpan kílómetra inn fyrir Gilkjaft eru ógrónir melar. Meðfram gílinu sunnan við Gilkjaft og inn að Húsgrund eru 5 steinalagnir

sem allar virðast manngerðar. 460m eru á milli nyrstu steinalagnar og þeirra syðstu.

## Lýsing

Þriðja steinalögnin, talið að norðan er um 1x2m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Einföld steinalögn þar sem steinarnir liggja þétt saman með nokkuð reglulegri útbrún og nokkrir steinar settir ofan á.



Mynd 4. Steinalögn [1958-5].

### Egilsstaðir-1958-5

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Austurbarmur Þverármels og Þverárgils, frá vegi og tæpan kílómetra inn fyrir Gilkjaft eru ógrónir melar. Meðfram gílinu sunnan við Gilkjaft og inn að Húsgrund eru 5 steinalagnir sem allar virðast manngerðar. 460m eru á milli nyrstu steinalagnar og þeirra syðstu.

## Lýsing

Þriðja steinalögnin, talið að norðan er um 1x1,5m að utanmáli og snýr norður-suður. Einföld steinalögn þar sem steinarnir liggja þétt saman með nokkuð reglulegri útbrún.

### **Egilsstaðir-1958-6**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

**Hættumat:** Engin hætta

#### **Staðhættir**

Austurbarmur Þverármels og Þverárgils, frá vegi og tæpan kílómetra inn fyrir Gilkjafthúsi eru ógrónir melar. Meðfram gilinu sunnan við Gilkjafthúsi og inn að Húsgrund eru 5 steinalagnir sem allar virðast manngerðar. 460m eru á milli nyrstu steinalagnar og þeirra syðstu.

#### **Lýsing**

Þriðja steinalögnin, talið að norðan er um 1x1,7m að utanmáli og snýr norður-suður.

Einföld steinalögn þar sem steinarnir liggja þétt saman með nokkuð reglulegri útbrún. Steinalögnin er að hluta tvöföld, þ.e. í tveimur röðum.



*Mynd 5. Steinalögn [1958-6].*

### **Egilsstaðir-1958-7**

**Hlutverk:** Kennimark, óþekkt

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta

#### **Staðhættir**

Á austurbarmi Þverárgils, norðvestur af Húsgrund er lítil varða.


#### **Lýsing**

Varðan er 20-30cm há og um

80x80cm að grunnmáli. Hún er á smá gróðurbletti en melurinn umhverfis er annars gróðurlaus.



*Mynd 6. Lítil varða [1958-7] á austurbarmi Þverárgils. Horft er til suðurs.*



Mynd 7. Beitarhúsatóftir [1958-8 og 10] og stekkur [1958-9] á Húsgrund.

### Egilsstaðir-1958-8

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

#### Staðhættir

Húsgrund heitir slétt, grasi gróin grund í landi Egilsstaða, austan Þverár, um 1,8km suður af bænum.

#### Lýsing

Tvönnar beitarhúsatóftir eru á Húsgrund og er tóft byggð ofan í tóft þá sem er nær Þverárgili. Beitarhúsatóftin, sem er nær árgilinu, er 6,2x20m að utanmáli og snýr nálega norður-suður. Garði er fyrir miðju tóftar og hafa mögulega verið tvönnar dyr á vestur, langvegg. Í suðurenda eystri króarinnar er afmarkað hólfi og innangengt í það úr krónni. Heytóft hefur að líkindum

verið áföst fjárhúsunum en eftir að húsin hafa verið tekin úr notkun hefur verið hlaðin tóft í heytóftinni, líklega stekkur [sjá nr]. Veggir beitarhúsanna eru 40-70cm háir, algrónir og er breidd þeirra um metri. Um 1,5m sunnan við tóftina er niðurgroftur sem er um 3,5x5,5m að utanmáli.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Egilsstaða (bls. 6-7) segir: „Við Þverárgil, næst Þverármel, er Húsgrundarmór og þaðan í suður Húsgrund og Húsgrundarhvammur í gílinu. Sunnan við Húsgrund er Stórilækur. Á Húsgrund vorum fyrrum beitarhús.“

### Egilsstaðir-1958-9

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

#### Staðhættir

Húsgrund heitir slétt, grasi gróin grund í landi Egilsstaða, austan Þverár, um 1,8km suður af bænum.

### **Lýsing**

Tvennar beitarhúsatóftir eru á Húsgrund. Tóft er hlaðin ofan í norðurenda beitarhúsatóftar [sjá nr], líklega þar sem heytóftin var. Tóftin sem líklega er stekkur, er tvískipt, 4x6m að utanmáli og snýr nálega norður-suður. Hlið hefur verið á austurlangvegg og innangengt á milli hólfa, sem líklega eru rétt og lambakró. Tóftin er hlaðin úr grjóti og veggir eru mjög hrundir, þeir eru 30-50cm háir og um metri á breidd, grasi grónir.

### **Aðrar upplýsingar**

Af útliti tóftar að dæma virðist helst vera um stekkjartóft að ræða. Hún er einnig grjóthlaðin eins og margir stekkir en töluvert minni en t.d. stekkjartóft [sjá nr.]. Hún er einnig tæpa 2km frá bæ sem er fremur löng stekkjjarleið.

### **Egilsstaðir-1958-10**

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

### **Staðhættir**

Húsgrund heitir slétt, grasi gróin grund í landi Egilsstaða, austan Þverár, um 1,8km suður af bænum.

### **Lýsing**

Tvennar beitarhúsatóftir eru á Húsgrund. Önnur tóftin [sjá nr.] er nær Þverárgili og virðist hún vera eldri en tóftin sem er fjær gilinu. Yngri tóftin er 10x30m að utanmáli og snýr nnv-ssa. Fjárhúsin skiptast í tvennt, fyrir miðju tóftar og í þeim eru því tvennir garðar og fernar krær (sjá teikningu). Heytóftir eru bæði við norður og suðurenda tóftar. Á syðri heytóftinni eru dyr til austurs en á nyrðri tóftinni snúa þær til vesturs. Lítið hólf er innaf nyrðri heytóftinni en hlutverk þess er óvíst. Í báðum vestari fjárhússkrónum er lítið afstúkað hólf og virðast mögulega vera dyr inn í það. Það er þó erfitt að átta sig á því þar sem veggir þarna eru nokkuð hrundir og mikill gróður var þegar skráning fór fram. Veggir tóftar eru um 40-100cm háir og mest um 1,5m á breidd.

## Egilsstaðir-1958-11

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Á austurbarmi Þverárgils er Selhóll og vestast á honum er varða.

### Lýsing

Varðan er um metri í þvermál og um 60cm á hæð.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Egilsstaða (bls. 7)

segir: „Skammt suður frá Stóralæk er Selhóll á gilbarminum og sunnan við hann Seltættur fornar, er þá skammt að Gjá, sem skilur heimaland og afrétti.“



Mynd 8. Varða [1958-11] á Selhóli. Horft er til suðausturs og á bakvið vörðuna sést í Þverárgil.



Mynd 9. Seltættur [1958-12-14] í landi Egilsstaða.

## Egilsstaðir-1958-12

**Sérheiti:** Seltættur

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Sunnan við austurenda Selhóls og sunnan sellækjarins eru seltóftir.

**Lýsing**

Tóftirnar eru tvær. Annars vegar tvískipt seltóft og hinsvegar er önnur nokkuð minni tóft austan við hana. Þar hefur mjólkinn mögulega verið geymd og kæld. Seltóftin er 6x13m að utanmáli og snýr norður-suður. Tvennar dyr eru og snúa báðar til vesturs. Tóftin er vel gróin og stendur nokkuð hátt og gæti verið byggð á eldri minjum. Veggir eru grasi og lynggrónir, 30-100cm háir og um mest rúmlega metri á breidd, þeir eru aðeins farnir að hlaupa í þúfur. Syðra hólfið á tóftinni er hugsanlega tvískipt en erfitt var að greina það þar sem að veggir eru svolítið hrundir.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Egilsstaða (bls. 7) segir: „Skammt suður frá Stóralæk er Selhóll á gilbarminum og sunnan við hann Seltættur fornar, er þá skammt að Gjá, sem skilur heimaland og afrétti.“

**Egilsstaðir-1958-13**

**Sérheiti:** Seltættur

**Hlutverk:** Sel, mjólkurkælir

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Sunnan við austurenda Selhóls og sunnan sellækjarins eru seltóftir.

**Lýsing**

Vestan við seltóft [sjá nr] er

önnur tóft, nokkuð minni. Hún er nokkuð hringlaga, rétt rúmlega 5m að þvermáli. Veggir eru algrónir grasi og mosa grónir, 30-120cm háir og um 130cm á breidd. Veggir eru mikið hærri að utan og stendur tóftin nokkuð hátt. Stærð tóftar og útlit benda til þess að þarna hafi hugsanlega verið mjólkurgeymslan á selinu.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Egilsstaða (bls. 7) segir: „Skammt suður frá Stóralæk er Selhóll á gilbarminum og sunnan við hann Seltættur fornar, er þá skammt að Gjá, sem skilur heimaland og afrétti.“



Mynd 10. Seltóftir [1958-12 og 13] fyrir miðri mynd. Til vinstri er stærri tóftin, líklega baðstofa og búr en til hægri er minni tóft, mögulega mjólkurgeymsla og kælir. Sellækurinn sést neðarlega á mynd. Horft er til ssv.

## Egilsstaðir-1958-14

**Sérheiti:** Seltættur

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Í brekkunni sunnan undir Selhól, norðan við sellækinn er seltóft.

### Lýsing

Tóftin er 6,5x9m að utanmáli og snýr norður-

suður. Hún er tvískipt og er annað hólfið nokkuð stórt en töluvert minna. Ekki er innangengt á milli en dyr á báðum hólfum, sem snúa til suðurs. Veggir eru vel greinanlegir og algrónir lyngi. Þeir eru 20-50cm háir og um metri á breidd. Tóftin lítur út fyrir að vera eldri en seltóftir [sjá nr].

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Egilsstaða (bls. 7) segir: „Skammt suður frá Stóralæk er Selhóll á gilbarminum og sunnan við hann Seltættur fornar, er þá skammt að Gjá, sem skilur heimaland og afrétti.“



Mynd 11. Hér sést Selhóllinn og austast á honum varðan [1958-11]. Í brekkunni neðan undir vörðunni eru eldri seltóftirnar [1958-14] og neðarlega á mynd sést í sellækinn. Horft er til norðurs.

## Egilsstaðir-1958-15

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Gjá heitir gil á Þverárdal, rúmlega 4km innan við bæ, sem skilur að heimaland og afrétti (Örnefnaskrá Egilsstaða, 7). Neðarlega í gilinu, norðanmegin, rétt um 20m neðan við götuna sem liggur yfir gilið, er hleðsla.

### Lýsing



Mynd 12. Hleðslan [1958-15] er neðst í gilinu, upp undir brekkunni og hægt er að komast ofan í gilið hægra megin við hana. Horft er til nnn og er Þverárgil í baksýn.

Hleðslan er grjóthlaðin, og hlaðin upp við brekkuna. Hún er enn nokkuð stæðileg en aðeins farið að hrynja úr henni. Hún er 30-100cm há. Hlutverk er óljóst en hugsanlegt að þarna hafi verið hlaðið undir götu ofan í gilið eða undir vírgirðingu en þarna er hægt að komast ofan í gilið með skepnur.

### **Egilsstaðir-1958-16**

**Hlutverk:** Mógrafir?

**Tegund:** Niðurgröftur, náttúrulegt

**Hættumat:** Engin hætta

### **Staðhættir**

Gjá heitir gil á Þverárdal, rúmlega 4km innan við bæ, sem skilur að heimaland og afrétti (Örnefnaskrá Egilsstaða, 7). Um 760m innan við



*Mynd 13. Mögulegar mógrafir á Þverárdal, austanmegin. Horft er til suðurs.*

Gjáanna eru grasi grónar brekkur og mýrar þar sem áður var heyjað og mögulega tekinn mór.

### **Lýsing**

Rétt ofan við Þverárgilið af aflíðandi brekka og í henni mýri. Á kafla eru nokkuð skarpar brúnir í mýrinni, eins og sést á mynd. nr. og þar er mögulegt að tekinn hafi verið mór. Svæðið er um 100m langt frá norðri til suðurs og um 30m breitt frá austri til vesturs, mest um metri á dýpt. Einnig er hugsanlegt að þarna sé aðeins um náttúruminjar að ræða, skörp skil sem myndast í brekku þar sem að land sígur í átt til gilsins.

### **Aðrar upplýsingar**

Engar heimildir eru um mótekju á Þverárdal en vitað er að þarna var heyjað fram á 20. öld og eru nokkrar heytóftir þarna á engjunum.

### **Egilsstaðir-1958-17**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

### **Staðhættir**





Mynd 14. Mynd 15. Heytóft [1958-17]. Horft er til suðurs.

Gjá heitir gil á Þverárdal, rúmlega 4km innan við bæ, sem skilur að heimaland og afrétti (Örnefnaskrá Egilsstaða, 7). Um kílómetra innan við Gjánna eru grasi grónar brekkur og mýrar þar sem áður var heyjað og þar eru nokkrar heytóftir.

### Lýsing

Heytóft, 4,5x8,5m að utanmáli og snýr hún norður-suður. Veggir eru um 50cm breiðir og 50-120cm háir, hærri að utan og stendur tóftin nokkuð hátt og hefur hugsanlega verið endurbyggð nokkrum sinnum á sama stað. Torfið í tóftina hefur verið stungið umhverfis hana og sjást greinileg ummerki eftir það.

### Egilsstaðir-1958-18

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Gjá heitir gil á Þverárdal, rúmlega 4km innan við bæ, sem skilur að heimaland og afrétti (Örnefnaskrá Egilsstaða, 7). Um kílómetra innan við gjánna eru grasi



Mynd 16. Heytóft [1958-18]. Horft er til norðvesturs í átt að Þverárgili.

grónar brekkur og mýrar þar sem áður var heyjað og þar eru nokkrar heytóftir.

### Lýsing

Heytóft, 3x6m að utanmáli og snýr hún norður-suður. Veggir eru 20-30cm háir og um 40cm breiðir. Þeir eru algrónir, grasi mosa og ljónslappa. Torfið í tóftina hefur verið stungið umhverfis hana og sjást ummerki eftir það á nokkrum stöðum.

### **Egilsstaðir-1958-19**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta

#### **Staðhættir**

Gjá heitir gil á Þverárdal, rúmlega 4km innan við bæ, sem skilur að heimaland og afrétti (Örnefnaskrá Egilsstaða, 7). Um kílómetra innan við gjánna eru grasi grónar brekkur og mýrar þar sem áður var heyjað og þar eru nokkrar heytóftir.

#### **Lýsing**

Heytóft, 3,5x5m að utanmáli og snýr hún austur-vestur. Veggir eru 20cm háir og 40cm breiðir, algrónir grasi.



Mynd 17. Heytóftir [1958-17-21] á Þverárdal, í landi Egilsstaða.

### **Egilsstaðir-1958-20**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

#### **Staðhættir**

Í grösugum móa um 140-50m sunnan við heytóftir [1958-17-19] eru tvær aðrar heytóftir með tæplega 20m millibili.

#### **Lýsing**

Vestari heytóftin er 3x5m að utanmáli og snýr norðvestur-suðausturs. Hún er grasi gróin, veggir 20-40cm háir og um metri á breidd. Þeir eru hærri að utan en innan.

### **Egilsstaðir-1958-21**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Í grösugum móa um 140-50m sunnan við heytóftir [195817-19] eru tvær aðrar heytóftir með tæplega 20m millibili.

**Lýsing**

Austari heytóftin snýr austur-vestur og er 5x8m að utanmáli. Veggur eru grasi grónir, 20-40cm háir og tæpur metri á breidd.

## Hrappsstaðir-söguágrip og fornleifaskráning

Hrappsstaðir koma fyrst fyrir í vitnisburðarbréfi frá 1465 þar ritað Hrafstaðir (DI V, 453). Næst kemur hún fyrir í manntali frá 1703 en þá voru þar 7 til heimilis og er jörðin þar nefnd Rafnsstaðir (Þjóðskjalasafn Íslands, Manntöl; 1703). Á 19. og fram á 20. öld er jörðin ýmist ein- eða tvíbýl (sjá manntöl 1816-1920). Hrappsstaðir voru að fornu metnir á 12 hundruð en með nýju jarðamati frá 1861 var dýrleikinn hækkaður í 18,1 hundruð (Ný Jarðabók fyrir Ísland, 133).

### Hrappsstaðir-1958-22

**Sérheiti:** Húsatættur

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

#### Staðhættir

Tvennar beitarhúsatóftir eru á vesturbrún Þverárgils, í landi Hrappsstaða.

#### Lýsing

Austari tóftin er nokkuð stærri og virðist jafnframt vera yngri,

hún snýr nálega austur-vestur og er 14x17,5m að utanmáli. Þarna hafa verið fjárhús með tveimur görðum, þremur króm og tvískipt heytóft eða hlaða austan við. Sunnan við fjárhúsin virðist vera ein kró til viðbótar en veggir hennar eru ekki jafn greinilegir og hinir veggirnir. Dyr eru á fjárhúsunum og stöku krónni til austurs og á nyrðri heytóftinni til norðurs. Tóftin er grasi gróin og var töluverður gróður þegar skráning fór fram í júlí mánuði. Þó sést í grjóthleðslur í veggjum. Þeir eru 30-70cm háir og mest 1,5m á breidd.

#### Aðrar upplýsingar

Í viðbótum við örnefnaskrá Hrappsstaða (bls. 12) segir: „Húsatættur heita rústir af gömlu beitarhúsunum á Hálsenda, þar eru Yztihvammur og Húsahvammur í gilinu niður af tóttunum.“ Um þau segir í búskaparannál í Sveitum og jörðum í Múlaþingi (I. bindi, bls. 156): „1906: Stórfelldur fjárskaði í sumarmálaáfalli. Þá aflögð gömul beitarhúsá Þverárdal við Hálsenda.“



Mynd 18. Húsatættur við Hálsenda. Beitarhúsatóftir [1958-22 og 23] frá Hrappsstöðum.

## **Hrappsstaðir-1958-23**

**Sérheiti:** Húsatættur

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Tvennar beitarhúsatóftir eru á vesturbrún Þverárgils, í landi Hrappsstaða.

**Lýsing**

Vestari tóftin virðist vera eldri en tóft [1958-22], hún snýr austur-vestur og er 9x10,5m að utanmáli. Hún er að mestu lyngi gróin og veggir eru lægri og sokknari en á hinni tóftinni. Tóftin skiptist í þrjú hólf, til vesturs er heytóft og tvær krær austan hennar en enginn garði var greinanlegur. Tóftin er algróin, veggir 20-50cm háir og mest 1,5m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í viðbótum við örnefnaskrá Hrappsstaða (bls. 12) segir: „Húsatættur heita rústir af gömlu beitarhúsunum á Hálsenda, þar eru Yztihvammur og Húsahvammur í gilinu niður af tóttunum.“ Um þau segir í búskaparannál í Sveitum og jörðum í Múlaþingi (I. bindi, bls. 156): „1906: Stórfelldur fjárskaði í sumarmálaáfalli. Þá aflögð gömul beitarhúsá Þverárdal við Hálsenda.“



Mynd 19. Varða [1958-24] á vesturbrún Þverárgils. Horft er til suðurs inn með gilinu.

## **Hrappsstaðir-1958-24**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Á vesturbrún Þverárgils um 930m suður af Húsatóttum [1958-22-23] er varða.

**Lýsing**

Varðan er um 50cm há og ca 70x70cm að grunnmáli.

Aldur vörðunnar er óviss og

stendur gönguleiðarstika upp úr henni. Það er því mögulegt að hún hafi verið hlaðin sérstaklega til þess að halda við stikuna en gróður umhverfis vörðuna bendir til að hún sé kannski eitthvað eldri en stikan. Hlutverk er þó óvíst en hugsanlegt að annaðhvort sé um að ræða smlavörðu eða vörðu tengda smalamennsku á Þverárdal.



Mynd 20. Varða [1958-25] á vesturbrún Þverárgils. Horft er til suðausturs, inn Þverárdal.

### Hrappsstaðir-1958-25

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta

#### Staðhættir

Á vesturbrún Þverárgils um 1,4km suður af Húsatóttum [1958-22-23] er lítil varða.

#### Lýsing

Varðan er um 30-40cm há en einn steinn stendur nokkuð hærra og nær um 50cm hæð.

Grunnmál er um 75x100cm. Hlutverk og aldur er óviss og gæti varðan tengst stikaðri gönguleið sem liggur inn dalinn. Einnig er hugsanlegt að þetta sé smalavarða.

### Hrappsstaðir-1958-26

**Sérheiti:** Smalaskáli

**Hlutverk:** Óþekkt, kofi

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

#### Staðhættir

Nyrst á svonefndu Melhorni, sem skagar út í Þverárgil, er tóft.


#### Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og

virðast hafa verið dyr til austurs í átt að gílinu. Hún er 3x4,5m að utanmáli, veggir 10-30cm háir og um 70cm breiðir, algrónir grasi, mosa og lyngi. Tóftin liggur sunnan við smá bakka og er norðurveggur, sá er liggur að bakkanum, lægri en aðrir veggir.

#### Aðrar upplýsingar

Helgi Gíslason skráði örnefnasögur úr Vopnafirði og er ein þeirra um örnefnið Smalaskála: „Örnefnið „Smalaskáli“ er á Þverárdal, sem skerst suður í Smjörfjöllin, er rísa milli Vonafjarðar og Héraðs. ... Munnmæli herma, að fyrr á öldum hafi verið selför á Þverárdal frá Hrappsstöðum, enda sjást þar enn nokkuð greinilega rústir eftir selbygginguna spölkorn upp frá



Mynd 21. Tóft smalaskála [1958-26] á Melshorni.

gljúfrinu um miðbik dalsins. Rústir Smalaskálans eru nokkuð utar á dalnum á gljúfurbarmi.“ Í örnefnaskrá (bls. 5) segir um Smalaskála: „Sunnan við Melhorn er Smalaskáli eða uppgrónar tættur, sem munnmæli herma að hafi verið kofi hjástöðumanna, þegar haft var búfé í seli á dalnum.“ Tóftin er nyrst á Melhorni en ekki sunnan við það eins og segir í örnefnaskrá.

### Hrappsstaðir-1958-27

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hættu

### Staðhættir

Í mýrinni, fast utan við Sellæk og 300m norðaustur frá selinu [1958-] eru tvennar heytóftir.


### Lýsing

Nyrðri heytóftin er 4x9m að utanmáli og liggur austur-vestur, opin mót austri. Hún er

lyngi gróin og virðist mögulega eldri en heytóft [1958-28]. Veggir eru 20-30cm háir og 80cm



Mynd 22. Heytóftir [1958-27-28] utan við Sellæk. Punktalínan sýnir hvar torið í tóftirnar var tekið.



Mynd 23. Seltættur [1958-29-31] á Pverárdal, í landi Hrappsstaða.

breiðir. Torfið í heytóftirnar hefur verið stungið á staðnum og sjást greinileg merki þess umhverfis tóftirnar.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hrappsstaða (bls. 5) segir: „Frá Hólalæk um Smalaskála, Skorur og Rana að Sellæk er mýrlendi upp undir Háls og því nær á gilbarm og nefnast Flár. Þar hefir áður verið heyjað og sjást heystæði syðst á mýrunum við Sellæk.“

### **Hrappsstaðir-1958-28**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

#### **Staðhættir**

Í mýrinni, fast utan við Sellæk og 300m norðaustur frá selinu [1958-] eru tvennar heytóftir.



*Mynd 24. Heytóft [1958-28]. Horft er inn Þverárdal til ssa.*

#### **Lýsing**

Syðri tóftin stendur nokkuð

hærra en nyrðri tóftin [1958-27]. Hún er 3,5x6m að utanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru 60cm breiðir og 30-60cm háir, hærri að utan. Tóftin er algróin grasi, mosa og ljónslappa. Torfið í heytóftirnar hefur verið stungið á staðnum og sjást greinileg merki þess umhverfis tóftirnar.

### **Hrappsstaðir-1958-29**

**Sérheiti:** Seltóttir

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna jarðvegsrofs

#### **Staðhættir**

Seltóttir eru sunnan Sellækjar, þar sem lækurinn tekur smá hlykk til norðurs en heldur svo áfram til norðausturs í átt að Þverárgili.

#### **Lýsing**

Þrennar tóftir og garðlag eru á selinu og er sjálf seltóftin, vestust af þeim. Aðeins einn metri er að lækjarbakkanum sem er rofinn og gætu minjarnar í framtíðinni verið í hættu vegna þess. Tóftin snýr norður-suður og er 6x13m að utanmáli. Hún er gömul í útliti, og er þrí- eða fjórskipt.



Tvennar dyr hafa verið og báðar snúið mót austri, í átt að Þverárgili. Veggir eru 20-60cm háir og um metri á breidd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hrappsstaða (bls. 6) segir: „Sunnan Sellækjar eru Seltóttir, grónar, en sjást þó greinilega. Þær eru nálega upp undir Hálsi. Selhvammur er í gilinu beint niður undan Selinu. Frá Selinu sjást víða grónir götuspottar yfir Hálsinn um Hádegishóla og Hádegisklöpp í stefnu á bæinn.“

#### **Hrappsstaðir-1958-30**

**Sérheiti:** Seltóttir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hættu

#### **Staðhættir**

Seltóttir eru sunnan Sellækjar, þar sem lækurinn tekur smá hlykk til norðurs en heldur svo áfram til norðausturs í átt að Þverárgili.

#### **Lýsing**

Prennar tóftir og garðlag eru á selinu og er sjálf seltóftin [1958-29], vestust af þeim. Önnur tóft, minni, er um 9m austur af suðurenda hennar. Hún er 3x4m að utanmáli og snýr norður-suður og hafa dyr verið til austurs. Veggir eru grasi, mosa og lyngi grónir, 20-40cm háir og metri á breidd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hrappsstaða (bls. 6) segir: „Sunnan Sellækjar eru Seltóttir, grónar, en sjást þó greinilega. Þær eru nálega upp undir Hálsi. Selhvammur er í gilinu beint niður undan Selinu. Frá Selinu sjást víða grónir götuspottar yfir Hálsinn um Hádegishóla og Hádegisklöpp í stefnu á bæinn.“

#### **Hrappsstaðir-1958-31**

**Sérheiti:** Seltóttir

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hættu

#### **Staðhættir**

Seltóttir eru sunnan Sellækjar, þar sem lækurinn tekur smá hlykk til norðurs en heldur svo áfram til norðausturs í átt að Þverárgili.

### **Lýsing**

Kvíatóft [1958-31] er 7m austan við seltóftina [1958-29] og um 8m suður af Sellæknum. Tóftin er 5,5x16,5m að utanmáli og snýr austur-vestur, þvert á aðrar tóftir á selinu. Lítil kró er innst í kvíunum og mögulega veggur sem skiptir tóftinni, en hann gæti líka verið myndaður af hruni úr veggnum. Veggir eru 20-60cm háir og metri á breidd, algrónir grasi, mosa og lyngi. Tóftin er að mestu vel greinileg nema hvað austur endi hennar er heldur ógreinilegi.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hrappsstaða (bls. 6) segir: „Sunnan Sellækjar eru Seltóttir, grónar, en sjást þó greinilega. Þær eru nálega upp undir Hálsi. Selhvammur er í gilinu beint niður undan Selinu. Frá Selinu sjást víða grónir götuspottar yfir Hálsinn um Hádegishóla og Hádegisklöpp í stefnu á bæinn.“

### **Hrappsstaðir-1958-32**

**Sérheiti:** Seltóttir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Engin hætta

### **Staðhættir**

Seltóttir eru sunnan Sellækjar, þar sem lækurinn tekur smá hlykk til norðurs en heldur svo áfram til norðausturs í átt að Þverárgili.

### **Lýsing**

Sunnan við tóftir [1958-31 og 32] er garðlag sem liggur í boga til suðurs. Það er 21m á lengd, 40-50cm hátt og um 70cm breitt. Hlutverk er óþekkt.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hrappsstaða (bls. 6) segir: „Sunnan Sellækjar eru Seltóttir, grónar, en sjást þó greinilega. Þær eru nálega upp undir Hálsi. Selhvammur er í gilinu beint niður undan Selinu. Frá Selinu sjást víða grónir götuspottar yfir Hálsinn um Hádegishóla og Hádegisklöpp í stefnu á bæinn.“

## Samantekt

Alls voru skráðar 32 minjar á vettvangi, 21 austan ár, í landi Egilsstaða og 11 vestan ár, í landi Hrappsstaða. Aðeins 2 af 32 minjum, heytóftir [1958-27 og 28] eru innan 100m frá útmörkum virkjanamannvirkja. Tóftirnar eru um 80m austan áætlaðrar þrýstipípu og eru, að óbreyttu, ekki í hættu vegna framkvæmda. Þó ber að hafa í huga að umferð stórvirkra vinnuvéla, sem og staðsetning vinnubúða eða bílastæða, getur haft áhrif á minjar.

Minjarnar á Þverár- og Hrappsstaðadal endurspeglar hvernig afdalir, þar sem ekki var hefðbundinn búskapur, voru nýttir allt fram á 20. öld. Þar er að finna beitarhúsatóftir, hey- og seltóftir, auk nokkurra varða, smalabyrgis og tveggja stekkja. Elstu minjarnar eru seltóftir beggja vegna árgilsins en haft hefur verið í seli frá Hrappsstöðum [1958-29-32] vestan ár og Egilsstöðum [1958-12-14] sunnan ár. Seljabúskapur var hætt á Íslandi á 19. öld og hafði hann þá verið á undanhaldi um nokkurt skeið. Seltóftirnar á Hrappsstaðadal eru gamlar að sjá og einnig tóftirnar við Selhól þar sem líklega er að finna tvö byggingaskeið. Selin eru bæði kennd við tóftirnar sjálfar, kallaðar Seltóttir í landi Hrappsstaða en Seltættur í landi Egilsstaða. Það bendir til að selin séu gömul fyrst nöfn þeirra hafa ekki varðveist en líklegt verður að telja að þau hafi áður heitið Hrappsstaða- og Egilsstaðasel, hafi þau yfirhöfuð haft nafn. Heyjað var á dalnum fram á 20. öld og eru heytóftir bæði austan [1958-27 og 28] og vestan [1958-17-21] ár.

Hallgrímur Helgason (f. 1927) sem fæddur eru og uppalinn á Hrappsstöðum mundi eftir því að hafa sótt hey í tóftir á Hrappsstaðadal að vetrarlagi (munnl. heimild, 20.07.18). Yst á dalnum eru beitarhúsatóftir bæði frá Egilsstöðum [1958-8 og 10] og Hrappsstöðum [1958-22 og 23]. Beitarhús voru í notkun fram á 20. öld en heimild er um að beitarhúsin á Hrappsstöðum hafi verið lögð af árið 1906, þegar að hart var í ári. Á báðum jörðum eru tvennar beitarhúsatóftir og virðist í báðum tilvikum vera um eldri og yngri hús að ræða. Fernar vörður voru skráðar á dalnum. Tvær í landi Hrappsstaða [1958-24 og 24] og tvær vestan megin ár [1958-7 og 11]. Tveir stekkir voru skráðir í landi Egilsstaða [1958-1 og 9] og var annar þeirra [1958-9] byggður ofan í eldri beitarhúsatóftina [1958-8] á Húsgrund. Á svonefndu Melhorni í landi á Hrappsstaðadal er lítil tóft sem kölluð er Smalaskáli [1958-26]. Hlutverk hennar er óþekkt en munnmæli geta þessa að þarna hafi verið byrgi smala þegar setið var yfir fé á dalnum. Innan við Gilkjaft, austan megin ár fundust fimm steinalagnir [1958-2-6] á ógróinni gilbrúninni. Hugsanlegt er að varða [1958-7] tilheyri einnig þessum minjum. Hlutverk þessara steinalagna er óþekkt og engar heimildir eru um þær. Svona grjótmýndanir geta verið náttúrulegar en lögun

þeirra og lega gefur til kynna að þær séu manngerðar. Steinlagnirnar gætu verið undirstöður undir girðingu en ekki fundust leifar staura, né girðingarefnis í nágrenni þeirra. Einnig kunna þetta að vera leifar lítilla varða eða jafnvel heiðinna grafa en um það verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber, skv. 24 grein laga um menningarminjar, að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

## Heimildaskrá

Íslendingasögur I. bindi. Landssaga og landnám, Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan: Haukadalsútgáfan, 1946.

Íslendingasögur X. bindi. Austfirðinga sögur, Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík. Íslendingasagnaútgáfan: Haukadalsútgáfan, 1953.

Íslenskt fornbréfasafn V. 1330-1476. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1899-1902.

Ný jarðabók fyrir Ísland. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan. Kaupmannahöfn, 1861.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I. Búnaðarsamband Austurlands. Egilsstaðir, 1974.

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. Aðgengilegt á [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðað 01.08.18.

Egilsstaðir, 1703: [http://manntal.is/leit/itarleit=\(leitarord=;heimili=Egilssta%C3%B0ir;sysla=null;sokn=vopnafjar%C3%B0arhreppur;stada=null;aldur=null;kyn=null\)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1910](http://manntal.is/leit/itarleit=(leitarord=;heimili=Egilssta%C3%B0ir;sysla=null;sokn=vopnafjar%C3%B0arhreppur;stada=null;aldur=null;kyn=null)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1910).

Hrappstaðir, 1703: [http://manntal.is/leit/itarleit=\(leitarord=;heimili=rafnssta%C3%B0ir;sysla=m%C3%BAlas%C3%BDsla;sokn=Vopnafjar%C3%B0arhreppur;stada=null;aldur=null;kyn=null\)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1835](http://manntal.is/leit/itarleit=(leitarord=;heimili=rafnssta%C3%B0ir;sysla=m%C3%BAlas%C3%BDsla;sokn=Vopnafjar%C3%B0arhreppur;stada=null;aldur=null;kyn=null)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1835).

Örnefnaskrár frá Örnefnastofnun Íslands:

Egilsstaðir. Helgi Gíslason skráði.

Hrappsstaðir. Helgi Gíslason skráði, 1960.

Hrappsstaðir. Helgi Gíslason skráði viðbætur, 1975.

Örnefnasögur úr Vopnafirði. Helgi Gíslason skráði.

# **Fylgiskjöl**

Pverárvirkjun - hnitalisti

nr	minj_id	jörð	sérheiti	tegund	hlutverk	frá	til	ástand	hættumat	x	y
1	1958-1	Egilsstaðir	Stekkur	tóft	stekkur	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta	688970	580551
2	1958-2	Egilsstaðir		steinalögn	óþekkt	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689156	580007
3	1958-3	Egilsstaðir		steinalögn	óþekkt	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689170	579938
4	1958-4	Egilsstaðir		steinalögn	óþekkt	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689186	579753
5	1958-5	Egilsstaðir		steinalögn	óþekkt	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689200	579690
6	1958-6	Egilsstaðir		steinalögn	óþekkt	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689220	579551
7	1958-7	Egilsstaðir		varða	kennimark, óþekkt	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689233	579471
8	1958-8	Egilsstaðir		tóft	beitarhús	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689343	579350
9	1958-9	Egilsstaðir		tóft	óþekkt, stekkur	1850	1900	vel greinanleg	engin hætta	689345	579356
10	1958-10	Egilsstaðir		tóft	beitarhús	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	689408	579275
11	1958-11	Egilsstaðir		varða	kennimark	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	689404	578327
12	1958-12	Egilsstaðir	Seltóttir	tóft	sel	1300	1800	vel greinanleg	engin hætta	689442	578287
13	1958-13	Egilsstaðir	Seltóttir	tóft	sel, mjólkurhús	1300	1800	vel greinanleg	engin hætta	689430	578284
14	1958-14	Egilsstaðir	Seltóttir	tóft	sel	800	1700	vel greinanleg	engin hætta	689410	578310
15	1958-15	Egilsstaðir		hleðsla	óþekkt, girðing	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	689575	577102
16	1958-16	Egilsstaðir		niðurgröftur	mógröf	1500	1950	greinanleg	engin hætta	689474	576249
17	1958-17	Egilsstaðir		tóft	heytóft	1500	1950	vel greinanleg	engin hætta	689552	576117
18	1958-18	Egilsstaðir		tóft	heytóft	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689567	576116
19	1958-19	Egilsstaðir		tóft	heytóft	1500	1950	vel greinanleg	engin hætta	689556	576110
20	1958-20	Egilsstaðir		tóft	heytóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	689540	575958
21	1958-21	Egilsstaðir		tóft	heytóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta	689562	575950
22	1958-22	Hrappsstaðir	Húsatættur	tóft	beitarhús	1700	1906	vel greinanleg	engin hætta	689022	579801
23	1958-23	Hrappsstaðir		tóft	beitarhús	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta	689007	579798
24	1958-24	Hrappsstaðir		varða	kennimark	800	2000	heillegar	engin hætta	689103	578879
25	1958-25	Hrappsstaðir		varða	kennimark	1800	2000	heillegar	engin hætta	689137	578410
26	1958-26	Hrappsstaðir	Smalaskáli	tóft	óþekkt, smalakofi	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689219	578341
27	1958-27	Hrappsstaðir		tóft	heytóft	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689095	577024
28	1958-28	Hrappsstaðir		tóft	heytóft	800	1900	vel greinanleg	engin hætta	689100	577014
29	1958-29	Hrappsstaðir	Seltóttir	tóft	sel	800	1800	vel greinanleg	hætta v. Landbrots	688863	576794
30	1958-30	Hrappsstaðir	Seltóttir	tóft	óþekkt	800	1800	vel greinanleg	engin hætta	688876	576793
31	1958-31	Hrappsstaðir	Seltóttir	tóft	kvíar	800	1800	vel greinanleg	engin hætta	688876	576797
32	1958-32	Hrappsstaðir		garðlag	óþekkt	800	1900	greinanleg	engin hætta	688880	576787

# 1. Framkvæmdasvæði og minjar


● Minjar

— Framkvæmdasvæði

— Frárennslisskurður

— Vegur

— Þrýstipípa



1958-1

1958-2

1958-3

1958- 22-23

*Húsatættur*

1958-4

1958-5

1958-6

1958-7

1958- 8-9

*Húsgrund*

1958-10

1958-24

1958-25

1958-26

*Melhorn*

*Selhóll*

1958- 11-14


*Hrappstaðadalur*

*Þverárdalur*

0 200 400 600 m

Byggðasafn Skagfirðinga, 2018





1958-25

1958-26

Melhorn

Selhóll

1958- 11-14

Pverárdalur

1958- 27-28

1958-15

1958- 29-32

0 200 400 600 m

Hrappsstaðadalur

1958-16

1958- 17-19

1958- 20-21

## 2. Framkvæmdasvæði og minjar

- Minjar
- Framkvæmdasvæði
- Vegur
- Veituskurður
- Þrýstipípa



Byggðasafn Skagfirðinga, 2018

Pverár-  
virkjun